

STARFSSKÝRSLA 2005
SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR
TIL UMHVERFISRÁÐHERRA
FEBRÚAR 2006



(Mynd: Róbert A. Stefánsson, 27. júlí 2005)

Heitur hver í Drápskeri á Breiðafirði



BREIÐAFJARÐARNEFND

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd áður nefndra laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín. Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi. Samfara lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, sem tóku gildi 1. janúar 2003, voru gerðar breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 á þann veg að Umhverfisstofnun tók yfir hlutverk Náttúruverndar ríkisins samkvæmt 4. gr. laganna og stjórnsluverkefni Breiðafjarðarnefndar samkvæmt 2. og 3. mgr. 6. greinar laganna sem fela í sér að stjórnvaldsákvæðanir eru nú hjá Umhverfisstofnun.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfisráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum samkvæmt skipunarbréfi dags. 6. júlí 2004.

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Nanna Jónsdóttir, Efri-Rauðsdal.
- Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes Gíslason, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Snæbjörg Bjartmars, Fremri-Hundadal.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vestfjörðum og Vesturlandi, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Fornleifavernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.
- Ritari nefndarinnar er Sigríður Elísabet Elisdóttir.

Störf nefndarinnar

Breiðafjarðarnefnd hélt níu nefndarfundi á árinu 2005 og voru fimm haldnir í Stykkishólmi en aðrir sem hér segir:

60. fundur var haldinn í Umhverfisstofnun í Reykjavík. Gestur fundarins var dr. Sverrir Jakobsson sagnfræðingur og var undirritaður samstarfssamningur milli hans og nefndarinnar um styrk vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar. Einnig mættu á fundinn Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, landslagsarkitekt frá Landlínnum ehf. í Borgarnesi og Jónína Hafsteinsdóttir frá Örnefnastofnun. Þar voru skráningar á örnefnum ræddar.

Þann 6. júní 2005 áttu formaður og tveir nefndarmenn óformlegan fund með sveitarstjórn Reykhólahrepps og umhverfisráðherra í Bjarkalundi.

61. fundur Breiðafjarðarnefndar var haldinn í Flókalundi 26. júlí, en þar var einnig fundað með umhverfisráðherra og fulltrúum bæjarstjórnar Vesturbyggðar. Farið var í skoðunarferð út á Siglunes og á Rauðasand þann sama dag. Daginn eftir var farið í vettvangsferð í Sauðeyjar, Urðhólma, Hergilsey, Oddbjarnarsker og Drápsker.

64. fundur var haldinn í Umhverfisstofnun í Reykjavík. Gestur fundarins var dr. Guðrún Gísladóttir dósent við jarð- og landfræðiskor Raunvísindadeildar Háskóla Íslands og var hugsanlegt samstarf Breiðafjarðarnefndar og Háskólans um örnefna-skráningu rætt.

Um fjöllum mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í *Viðauka I*.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Á fjárlögum ársins 2005 fékk Breiðafjarðarnefnd úthlutað 7,0 millj. kr. til reksturs og ráðstöfunar, en árið þar á undan hafði nefndin 6,9 millj. kr. á fjárlögum. Í byrjun árs var fjárhagsstaða nefndarinnar jákvæð um 2,6 millj. kr., en þeim fjármunum hafði þó verið ráðstafað í uppfærslu á verndaráætlun Breiðafjarðar til næstu 10 ára og skráninga á örnefnum. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir útlagðan kostnað nefndarinnar árið 2005.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2005:

Flutt frá 2004, ráðstafað í endurútgáfu verndaráætlunar og örnefnaverkefni	2.555.240	
Á fjárlögum 2005	7.000.000	
Endurútgáfa verndaráætlunar og bæklingur um fuglalíf		2.811.892
Nefndarlaun vegna 2004 og launatengd gjöld		1.049.682
Fundir, námskeið og risna		322.700
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands		835.750
Akstur		1.380.899
Skráning á sögu Breiðafjarðar (samningur við Sverri Jakobsson)		500.000
Samningur við NSV vegna vistunar nefndar, loftmyndir og prentun ársskýrslu 2004		1.789.679
Annar kostnaður		250
Vextir, bætur og skattar		4.337
Vistun heimasíðu og lénsins www.breidafjordur.is		23.658
Samningur um skráningu á sögu Breiðafjarðar v. vinnu 2006		500.000
Uppgjör vegna yfirvinnu ritara á árinu 2005		171.827
Ráðstafað í laun landfræðinema við örnefnaskráningar 2006		145.956
Leiðsögn í vettvangsferð		18.610
	9.555.240	9.555.240

Eins og fyrr var heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2005 all hár, en búsetudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega mikill ferðakostnaður. Á árinu var nefndarmönnum greidd þóknun vegna fundasetu ársins 2004.

Starfsemi á árinu 2005

Framkvæmd verndaráætlunar

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar. Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, staðfesti þann 10. október 2001 verndaráætlun fyrir Breiðafjörð en gildistími áætlunarinnar var 2000 – 2004. Í verndaráætluninni voru kynnt fjölmörg verkefni sem m.a. byggja á gagnaöflun og vöktun en verkefnin taka mið af því að unnt verði að standa við markmið áætlunarinnar. Frá því að Breiðafjarðarnefnd fór að vinna í samræmi við áætlunina hefur lítið miðað áfram og er það fyrst og fremst vegna skorts á fjármagni. Var því rætt á fundum nefndarinnar að verndaráætlunin verði gefin út til næstu 10 ára í stað 5. Einnig töldu nefndarmenn rétt að endurskoða uppsetningu hennar.

Samstarfssamningur milli Náttúrustofu Vesturlands og Breiðafjarðarnefndar um endurgerð Verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2005-2015 var undirritaður á fundi nefndarinnar 12. desember 2005.

Árið 2005 var því fjármagni sem nefndin hafði til verkefna að mestu ráðstafað í kaup á loftmyndum til örnefnaskráninga, gerð kynningarbæklings um fuglalíf á Breiðafirði og endurútgáfu verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð. Þá var veittur 500 þús. króna styrkur til Sverris Jakobssonar sagnfræðings sem hann notaði til að hefja skráningu á sögu Breiðafjarðar. Hann hefur nú skilað nefndinni fyrsta kafla verksins. Þá var honum í árslok veittur styrkur að upphæð 500 þúsund krónur vegna vinnu við áframhaldandi skráningu á árinu 2006. Akveðið var á síðasta fundi ársins að greiða laun landfræðinema við Háskóla Íslands í þrjú mánuði vegna vinnu við örnefnaskráningar á sjó á Breiðafirði og til að halda utan um það verkefni. Dr. Guðrún Gísladóttir dósent við HÍ kom á fund nefndarinnar og kynnti hugmyndir um útfærslu á samstarfi nefndarinnar og Háskólans um verkefnið.

Á árinu fjallaði Breiðafjarðarnefnd um ýmis mál. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í *viðauka I*. Nokkrar afgreiðslur eru taldar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í *viðauka II*.

- Sjávarfallavirkjun við jörðina Straum á Skógarströnd
- Fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar
- Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar og hugmyndir um stækkun þess
- Kynningarbæklingur um fuglalíf á Breiðafirði
- Örnefnaskráningar
- Undirbúningsvinna vegna skipulags á Breiðafirði
- Skráning á sögu Breiðafjarðar
- Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði
- Kræklingarækt á Breiðafirði
- Mat á umhverfisáhrifum. Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi
- Endurútgáfa á verndaráætlun Breiðafjarðar

Kynningarbæklingur um fuglalíf á Breiðafirði

Þann 26. júlí 2005 undirrituðu formaður Breiðafjarðarnefndar og forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands samstarfssamning um gerð kynningarbæklings um fuglalíf á Breiðafirði. Bæklingurinn verður gefinn út í 10 þúsund eintökum á íslensku og ensku. Bæklingurinn mun verða í svipuðu formi og sá bæklingur sem Breiðafjarðarnefnd lét vinna og ber nafnið “Breiðafjörður – Náttúra og saga”, sjá meðfylgjandi eintak.

Verkefni um örnefnaskráningar

Mikill áhugi er meðal nefndarmanna fyrir því að varðveita þau ótal mörgu örnefni sem þekkt eru á jörðum við Breiðafjörð og eru nú smátt og smátt að glatast. Útvegaðar hafa verið loftmyndir af ýmsum svæðum við Breiðafjörð, skv. samstarfssamningi við Loftmyndir ehf. og Örnefnastofnun Íslands. Jónína Hafsteinsdóttir frá Örnefnastofnun hefur þegar hafið vinnu við söfnun örnefna og einnig hafa nefndarmenn skipt á milli sín og tekið að sér svæði sem þeim eru kunnugust. Þá hafa áhugasamir utanaðkomandi aðilar verið fengnir til verkefnisins. Í árslok var ákveðið samstarfsverkefni við Háskóla Íslands og nema í jarð- og landfræðiskor um skráningu örnefna á sjó á Breiðafirði sumarið 2006.

Skipulagsmál

Breiðafjarðarnefnd hefur lagt á það áherslu að verndarsvæðið verði skipulagt sem ein heild en ekki sem liður í aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga við Breiðafjörð. Í verndaráætlun er gert ráð fyrir sérstöku skipulagi fyrir Breiðafjarðarsvæðið, þar sem verndarsvæðið nær til margra sveitarfélaga. Við rökstuðning fyrir sérstöku skipulagi hefur verið horft til svæðisskipulags miðhálandisins.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Samstarfssamningur var gerður árið 2003 milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands um gerð stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði. Markmiðið með samningnum var að taka saman skýrslu um stöðu þekkingar á náttúrufari Breiðafjarðar, benda á helstu þekkingargöt og leggja fram tillögur um hvar frekari rannsókn og gagnaöflun er þörf. Skýrslan barst Breiðafjarðarnefnd í árslok 2005, en hana er hægt að nálgast á heimasíðu nefndarinnar www.breidafjordur.is.

Vettvangsferð um Breiðafjörð

Þann 27. júlí hélt Breiðafjarðarnefnd í vettvangsferð um Breiðafjörð í blíðskaparveðri. Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfissráðherra og eiginmanni hennar, séra Jóni Þorsteinssyni, var boðið með í ferðina. Farið var frá Brjánslæk í Sauðeyjar en þar naut ferðafólk leiðsagnar Bjarna S. Hákonarsonar bónda í Haga á Barðaströnd og eiganda Sauðeyja. Frá Sauðeyjum var siglt fyrir Æðarskersboða og í Urðhólma þar sem Hafsteinn Guðmundsson bóndi í Flatey fræddi nefndarmenn og gesti um náttúrufar og búskaparhætti. Þaðan var farið í Hergilsey, Oddbjarnarsker og Drápsker, einnig undir leiðsögn Hafsteins.

Daginn áður fóru nefndarmenn í rútuferð út á Siglunes og á Rauðasand undir leiðsögn Prastar Reynissonar. Í ferðinni voru teknar margar myndir sem aðgengilegar eru á heimasíðu nefndarinnar, www.breidafjordur.is.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Eins og fram hefur komið heldur Breiðafjarðarnefnd úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is, en þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, bæklinginn “Breiðafjörður – Náttúra og saga”, ýmsar upplýsingar, myndir frá Breiðafirði og annan fróðleik.

Önnur mál

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um ýmis smærri mál á árinu og afgreiddi þau erindi sem nefndinni bárust. Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í *Viðauka I* og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í *Viðauka II*.

Viðaukar


Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja ársskýrslunni tveir viðaukar.

Viðauki – I: Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 6-25.

Viðauki – II: Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 26-29.

Óski umhverfisráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2005 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í febrúar 2006
f.h. Breiðafjarðarnefndar



Friðjón Þórðarson
formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2005

56. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. janúar 2005 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður boðaði forföll.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 55. fundar

Formaður las upp fundargerð 55. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Þóknun nefndarmanna fyrir nefndarsetu árið 2004

Ritari lagði fram drög að erindi til umhverfissráðuneytisins þar sem óskað er eftir greiðslu þóknunar til nefndarmanna vegna nefndarsetu árið 2004.

Afgreiðsla: Nefndarmenn gerðu ekki athugasemdir við þann einingafjölda sem þeim var reiknaður og drögin voru samþykkt.

Drög að starfsskýrslu 2004

Lögð voru fram drög að starfsskýrslu ársins 2004.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt. Ákveðið var að ritari gengi frá ársskýrslunni, sendi hana út og setji inn á heimasíðu nefndarinnar.

Endurútgáfa verndaráætlunar Breiðafjarðar

Afgreiðsla: Afgreiðslu málsins var frestað vegna fjarveru Guðríðar.

Skipulag Breiðafjarðarsvæðisins

Nefndarmenn hafa haldið áfram vinnu við verklýsingu fyrir fagaðila sem mun taka að sér að setja upp verk- og kostnaðaráætlun. Þórólfur kynnti leiðbeiningar um gerð aðalskipulags, reglur og ferli, sem Skipulagsstofnun gaf út.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu halda undirbúningsvinnu áfram. Ritari tók að sér að taka saman mikilvæga punkta úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og senda nefndarmönnum.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Nefndarmenn fóru yfir þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við skýrsludrögin. Nokkrar athugasemdir til viðbótar voru gerðar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda skýrsludrögin með athugasemdunum til Ævars Petersen.

Örnefnaskráningar við Breiðafjörð

Kynnt var erindi Reykhólahrepps, dags. 15. desember 2004, þar sem lýst er áhuga hreppsnefndar á samstarfi við skráningu þeirra jarða sem ekki ná að sjó og tilheyra því ekki verndarsvæði Breiðafjarðar. Reykhólahreppur myndi standa straum af kostnaði

vegna skráninga þeirra en óskar eftir að þær verði unnar samhliða þeim jörðum sem skráðar verða skv. samningi Breiðafjarðarnefndar, Örnefnastofnunar og Loftmynda ehf.

Afgreiðsla: Ákveðið var að taka jákvætt í erindið og ræða við þá nánar um málið síðar.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Lagt var fram svarbréf frá KB-banka, dags. 20. desember 2004, við erindi formanns Breiðafjarðarnefndar þar sem óskað var eftir samstarfi og/eða styrk vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Formaður tók að sér að ræða málið nánar við forstjóra bankans. Einnig var ákveðið að ræða við Sverri Jakobsson og athuga hvað hann telji sig þurfa mikið fjármagn til að koma verkefninu af stað.

Fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar

Lagt var fram til kynningar svarbréf Fornleifafræðistofunnar, dags. 10. janúar 2005 við erindi Breiðafjarðarnefndar, dags. 1. desember 2004. Svarbréfin voru rædd.

Afgreiðsla: Ákveðið var að biða svars frá þeim aðila sem á eftir að svara erindi nefndarinnar.

Afrit af erindi Reykhólahrepps til umhverfisráðuneytisins.

Lagt var fram til kynningar afrit af bréfi Reykhólahrepps til umhverfisráðuneytisins, dags. 18. janúar 2005, þar sem ráðherra er boðið að heimsækja hreppinn í júníbyrjun. Bent er á í erindinu að það væri e.t.v. vel til fundið að Breiðafjarðarnefnd eða fulltrúi hennar gæti verið á staðnum.

Verkefni og fjármál ársins 2005

Staða fjármála Breiðafjarðarnefndar var rædd. Fram kom að endurskoða þurfi samning nefndarinnar og Náttúrustofu Vesturlands m.t.t. starfshlutfalls ritara.

Afgreiðsla: Ákveðið var að gera upp við Náttúrustofu Vesturlands vangoldna tíma vegna vinnu ritara. Ritari mun taka að sér að taka tímana saman og gera drög að upp-gjöri.

Önnur mál

Fundi slitið kl. 14:30.

Næsti fundur haldinn mánudaginn 21. febrúar 2005.

57. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 21. febrúar 2005 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Friðjón sagði frá því að þann 16. febrúar sl. hafi hann ásamt Guðríði farið á fund Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra og Magnúsar Jóhannessonar ráðuneytisstjóra og afhent þeim starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar árið 2004. Þau hafi einnig rætt málefni nefndarinnar.

Fundargerð 56. fundar

Friðjón las upp fundargerð 56. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Endurútgáfa verndaráætlunar Breiðafjarðar

Guðríður kynnti nýtt form á verndaráætlunum sem er í mótun og sagði frá því að Umhverfisstofnun væri að láta útbúa leiðbeiningar um það hvernig vinna skuli verndaráætlanir fyrir svæði á vegum stofnunarinnar. Hún sagðist telja að lítið hafi verið unnið af rannsóknum á verndarsvæði Breiðafjarðar frá fyrri útgáfu verndaráætlunarinnar og því ekki mikið sem þurfi að endurvinnna við endurútgáfuna. Guðríður og Róbert báru undir nefndarmenn þá hugmynd að endurvinnna verndaráætlunina á sem hagkvæmasta máta og nota það fjármagn sem sparast til að kosta náttúrurannsóknir á svæðinu.

Afgreiðsla: Nefndarmenn tóku vel í hugmynd Guðríðar og Róberts og var ákveðið að þau komi af stað vinnu við verndaráætlunina og leggi fram á næsta fundi.

Skipulag Breiðafjarðarsvæðisins

Nefndarmenn fóru yfir leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags. Fram kom að sveitarfélög verði að láta vinna fornleifaskráningar við skipulagsgerð, einnig á þeim svæðum sem þau hafa heimild til að lita sérstaklega og merkja sem verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að láta hlutlausan fagaðila vinna verkáætlun fyrir skipulagsvinnuna. Guðríður mun setja upp drög að vinnuþlaggi sem hún mun ásamt Friðjóni og jafnvel fleiri nefndarmönnum bera upp við forsvarsmenn umhverfisskipulagsdeildar Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og óska eftir því að þeir taki að sér að gera tillögu að verkáætlun. Fulltrúum þeirra verði svo boðið að sitja fund nefndarinnar og ræða málið nánar.

Sjávarfallavirkjun við jörðina Straum á Skógarströnd

Lagt var fram til kynningar erindi Straumeyjar ehf., dags. 15. febrúar sl., þar sem könnuð er afstaða Breiðafjarðarnefndar gagnvart sjávarfallavirkjun í landi Straums á Skógarströnd. Róbert lagði fram athugasemdir sínar við “Greinargerð um sjávarfallavirkjun við jörðina straum á Skógarströnd.” Erindið var rætt.

Afgreiðsla: Erindið barst með stuttum fyrirvara og því ekki unnt að afgreiða það að svo stöddu. Róbert og Ásgeir Gunnar munu kanna málið frekar og koma með tillögu að svarbréfi á næsta fund.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Athugasemdir nefndarmanna við stöðuskýrsluna hafa verið sendar Ævari Petersen. Ritari hafði samband við Ævar fyrir fundinn en hann kvaðst ekki geta áætlað hvenær skýrslan verði tilbúin.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Guðríður ræði við Ævar um afhendingartíma skýrslunnar.

Fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar

Lagt var fram til kynningar svarbréf frá Náttúrustofu Vestfjarða, dags. 21. febrúar 2005, við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 27. janúar sl. Í svarbréfinu kemur fram gróf kostnaðaráætlun vegna fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Beðið er eftir einu svarbréfi við erindi nefndarinnar, en ákveðið var að hafa samband við Steinunni Kristjánsdóttur og athuga hvort hún ætli að svara erindinu.

Önnur mál

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Friðjón sagði frá samtali sínu við Sverri Jakobsson. Hann sagði mat Sverris að auðveldara væri að vinna að fjáröflun ef verkið væri hafið og kvaðst hann tilbúinn að byrja á því ef hann hefði ca. 500.000 kr. til umráða.

Afgreiðsla: Ákveðið var að gera samning við Sverri um 500.000 kr. fjárveitingu til að hefja verkið, með það fyrir augum að hann skili nefndinni nokkurs konar áfangaskýrslu. Friðjón og Þórólfur munu gera drög að samningi í samvinnu við Sverri. Greiðslurnar verði í tvennu lagi, þ.e. við undirritun samnings og við afhendingu áfangaskýrslu.

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar

Ákveðið var að senda erindi til Vesturbyggðar í samræmi við tillögu Skúla Alexanderssonar og Kristins Jónassonar í Snæfellsbæ um að færa mörk verndarsvæðisins út að Öndverðarnesi að sunnanverðu og Bjargtöngum að norðanverðu. Guðríður mun setja upp drög að bréfinu.

Aðalfundur Landverndar

Guðríður benti nefndarmönnum á aðalfund Landverndar sem haldinn verður á Hellis-sandi 23. apríl nk.

Fundi slitið kl. 13:30.

Næsti fundur haldinn þriðjudaginn 29. mars 2005.

58. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. apríl 2005 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 57. fundar

Friðjón las upp fundargerð 57. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Endurútgáfa verndaráætlunar Breiðafjarðar

Róbert sagði frá því að hann hafi hafið undirbúning vegna endurútgáfu verndaráætlunar. Hann sagði töluverða vinnu að uppfæra hana og setja upp að nýju, en hann stefni að því að vinna í henni tvær síðustu vikurnar í maí.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með að verkið sé hafið.

Kl. 11:10 mætti Guðrún Jónsdóttir arkitekt.

Skipulag Breiðafjarðarsvæðisins

Friðjón og Guðríður fóru þann 31. mars sl. á fund Auðar Sveinsdóttur, dósents og kennara við umhverfisskipulagsdeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Guðríður lagði fram minnispunkta frá fundinum. Rætt var hvort deildin gæti tekið að sér frumvinnu og kostnaðaráætlun við skipulagsgerð á verndarsvæði Breiðafjarðar. Auður tók sér frest til að skoða málið.

Nefndarmenn lýstu fyrir Guðrúnu Jónsdóttur ferli undirbúnings nefndarinnar að gerð aðalskipulags fyrir Breiðafjarðarsvæðið. Aðspurð um sitt álit benti hún nefndarmönnum á að hægt væri að leita til ýmissa stofnana til að fá þeirra hugmyndir um hvað æskilegt væri að fram kæmi í aðalskipulagi fyrir verndarsvæðið.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bíða svara frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Gerð aðalskipulags fyrir Helgafellssveit

Guðrún Jónsdóttir arkitekt vannur að gerð aðalskipulags fyrir Helgafellssveit og óskaði, með erindi dags. 17. mars sl., eftir samstarfi/samráði við Breiðafjarðarnefnd vegna vinnunnar. Hún sagði að hún myndi vilja sjá stefnumörkun í aðalskipulaginu vegna verndar Breiðafjarðar, en ekki eingöngu grænan lit á korti. Nefndarmenn bentu á að bak við þennan græna lit á aðalskipulagi þeirra sveitarfélaga sem þegar hafa látið vinna aðalskipulag vantaði upplýsingar um verndarsvæðið sem m.a. má finna í verndaráætlun Breiðafjarðar

Afgreiðsla: Guðrúnu var afhent verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og mun hún hafa hana til hliðsjónar við vinnu sína. Hún óskaði og eftir því að fá að kynna nefndinni stefnumið aðalskipulagsins og tillögur þegar vinnan er komin á meiri rekspöl.

Guðrún vék af fundi kl. 12:10.

Sjávarfallavirkjun við jörðina Straum á Skógarströnd

Ásgeir Gunnar og Róbert sendu Straumey ehf. erindi fyrir hönd nefndarinnar, dags. 23. febrúar sl. Í erindinu var óskað eftir nánari upplýsingum um fyrirhugaða

sjávarfallavirkjun. Lagt var fram svarbréf Straumeyjar, dags. 11. mars sl. Róbert lagði fram sínar athugasemdir og tillögu að svari við erindi Straumeyjar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd benti á að skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar eru hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir. Við gerð skipulagsáætlana ber sveitarfélögum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga að leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar og ber þeim að taka tillit til verndaráætlunar um Breiðafjörð. Vegna þessarar umsagnarskyldu Breiðafjarðarnefndar á seinni stigum getur hún ekki gefið formlega umsögn um framkvæmdina á þessu stigi málsins.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Guðríður sagði frá samtali sínu við Ævar Petersen varðandi afhendingartíma á skýrslunni. Hann kvaðst ekki hafa getað fullunnið skýrsluna fyrir þennan fund, en reiknaði með að það næðist fyrir þann næsta.

Styrkveiting vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar

Ekki vannst tími til að ganga frá samningnum fyrir þennan fund.

Afgreiðsla: Friðjón tók að sér að setja upp drög að samningi við Sverri.

Fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar

Svarbréf hafa nú borist frá þeim aðilum sem Breiðafjarðarnefnd óskaði eftir að gerðu grófa kostnaðaráætlun fyrir fornleifaskráningar á Breiðafirði. Einn aðili hyggst þó ekki svara erindi nefndarinnar vegna anna. Magnús sagði frá því að innan verndarsvæðisins væru einungis til fornleifaskráningar fyrir Stykkishólmsbæ og Grundarfjarðarbæ.

Önnur mál

Skipulagsgerð sveitarfélaga

Ritari sagði frá námskeiði sem haldið verður þann 14. apríl nk. á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands um skipulagsgerð sveitarfélaga.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ritari Breiðafjarðarnefndar sækji námskeiðið fyrir hönd Breiðafjarðarnefndar.

Vestfjarðavegur nr. 60

Lagðar voru fram til kynningar tvær blaðagreinar sem skrifaðar hafa verið um fyrirhugaða endurgerð vegar númer 60 á Vestfjörðum. Greinarnar voru ræddar.

Starfshlutfall ritara

Rætt var að endurskoða þurfi starfshlutfall ritara. Uppgjör var gert um áramótin milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vesturlands.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ritari skrái þá tíma sem unnir eru á kostnað Náttúrustofunnar og að þeir verði gerðir upp sérstaklega. Samningurinn verði endurskoðaður síðar.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur haldinn 2. maí 2005 í Stykkishólmi.

59. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 2. maí 2005 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Guðríður Þorvarðardóttir boðaði forföll vegna anna.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 58. fundar

Formaður las upp fundargerð 58. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt. Fundargerðin hafði einnig verið borin undir Guðrúnu Ó. Jónsdóttur arkitekt sem sat fundinn að hluta til og samþykkti hún þá bókun er hana varðar.

Skipulag Breiðafjarðarsvæðisins

Ritari lét Auði Sveinsdóttur dósent á Hvanneyri vita af dagsetningu fundarins með tölvupósti þann 18. apríl sl. Ekki hafa borist svör frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri um það hvort Umhverfiseild skólans muni taka að sér að vinna verk-áætlun vegna aðalskipulags fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bíða svara frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Til stóð að leggja fram á fundinum stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, en skýrslan barst nefndinni ekki fyrir fundinn eins og áætlað var.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir að skýrslunni verði skilað til nefndarinnar sem fyrst.

Drög að skýrslunni bárust ritara nefndarinnar eftir að fundi var slitið.

Styrkveiting vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar

Lagður var fram samningur milli Breiðafjarðarnefndar og Sverris Jakobssonar sagnfræðings um styrkveitingu til Sverris til að hann geti hafið skráningu á sögu Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Samningurinn var samþykktur með smávægilegum breytingum. Formaður mun bera samninginn undir Sverri og hefur heimild nefndarinnar til að undirrita hann.

Reglur um feril mála við byggingar í eyjum

Rætt var að í kjölfar breytinga á lögum um vernd Breiðafjarðar þurfi að uppfæra reglur Breiðafjarðarnefndar frá 6. júní 2002 um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfa á verndarsvæðinu.

Afgreiðsla: Reglunum var breytt og verður tilkynning um það send byggingarfulltrúum sveitarfélaganna við Breiðafjörð. Reglurnar verða birtar á heimasíðu nefndarinnar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar og forgangsroðun verkefna

Rætt var með hvaða hætti forgangsroðun verkefna eigi að vera á þessu ári. Magnús óskaði eftir að fá loftmynd af Flatey og lýsti sig reiðubúinn til þess að vinna sjálfur upplýsingar um fornleifar og örnefni inná hana. Einnig var rætt að mikilvægt sé að komast í vettvangsferð í sumar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ritari kanni hjá Loftmyndum ehf. hvað þeir eigi af tilbúnum lofmyndum af svæðinu. Nefndarmenn munu síðan forgangsraða þeim svæðum sem myndir eru til af svo hægt sé að hefja örnefnaskráningar á þeim.

Magnús mun athuga hvort til sé loftmynd af Flatey og hefur þá heimild til að kaupa hana og færa inn upplýsingar um fornleifar og örnefni.

Þá var ákveðið að óska eftir tilboði frá Náttúrustofu Vesturlands í að semja og setja upp bækling um fuglalíf á Breiðafirði í takt við þann bækling sem Náttúrustofan vann fyrir nefndina um náttúru og sögu Breiðafjarðar.

Önnur mál

Skipulagsgerð sveitarfélaga

Ritari sagði frá námskeiði sem hún sótti og haldið var þann 14. apríl sl. á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands um skipulagsgerð sveitarfélaga.

Skólpmengun við útrásir í Stykkishólmi 2003-2004

Lögð var fram til kynningar skýrsla, unnin af Náttúrustofu Vesturlands að beiðni Stykkishólmsbæjar. Í skýrslunni er sagt frá rannsókn á fjölda og útbreiðslu saurkólí- og saurkokkagerla í yfirborðssjó við útrásir í Stykkishólmi.

Fundi slitið kl. 13:30.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

60. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 30. maí 2005 í Umhverfisstofnun, Reykjavík.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Kl. 11:00 mætti Sverrir Jakobsson.

Samningur um skráningu á sögu Breiðafjarðar var borinn undir Sverri. Samningurinn var samþykktur af Breiðafjarðarnefnd á 59. fundi.

Afgreiðsla: Sverrir gerði ekki athugasemdir við samninginn og undirritaði hann ásamt formanni Breiðafjarðarnefndar.

Sverrir vék af fundi kl. 11:10.

Örnefnaskráningar

Gestir fundarins undir þessum dagskrárlið voru Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, landslagsarkitekt frá Landlínunum ehf. í Borgarnesi og Jónína Hafsteinsdóttir frá Örnefnastofnun.

Sigurbjörg sýndi nefndarmönnum örnefnakort sem unnin voru hjá fyrirtækinu, en þau kort er einnig ætluin að nota til að skrá brot af sögu jarðanna.

Sigurbjörg afhenti nefndarmönnum leiðbeiningar sem þau hafa unnið hjá Landlínunum ehf. og nota til hliðsjónar þegar örnefni eru staðsett inná kortin. Þá sýndi hún nefndarmönnum útprentanir af örnefnum á jörðunum Langholti, Laugarholti og Stafholtsey í Borgarfirði.

Jónína fór yfir leiðbeiningar um skráningu örnefna sem hún vann ásamt Guðríði.

Jónína sýndi nefndarmönnum mynd af einni jörð sem hún hefur verið að skrá örnefni inná, en myndin er ekki upprétt og afar óhentug til örnefnaskráninga. Margar myndanna þyrftu að vera í mælikvarðanum 1:5000 en ekki 1:10000, sérstaklega í nágrenni bæjarhúsa. Hún sagði heimildarmenn þar af leiðandi oft eiga erfitt með að átta sig á myndunum þó sumir séu ótrúlega glöggir.

Frekari umræðu um örnefnaskráningar var frestað þar til síðar á fundinum.

Jónína og Sigurbjörg viku af fundi kl. 13:00.

Fundargerð 59. fundar

Nefndarmenn hafa lesið fundargerð 59. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Skipulag Breiðafjarðarsvæðisins

Samkvæmt svari sem barst þann 27. maí sl. frá Auði Sveinsdóttur dósent við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri mun umhverfisdeild skólans ekki treysta sér til að gera verkáætlun vegna aðalskipulags fyrir Breiðafjörð að sinni, en hins vegar hafi verið mikill áhugi innan stofnunarinnar á því að koma að þessu máli.

Afgreiðsla: Ákveðið var að skoða málið betur á næsta fundi.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Drög að stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði voru rædd. Breiðafjarðarnefnd hefur áður farið ítarlega yfir drög að skýrslunni og gert við hana þó nokkrar athugasemdir. Ekki var tekið tillit til fjölmargra af þeim athugasemdum sem nefndin gerði. Ásgeir Gunnar sagði frá samtali sínu við Gunnar Þór Hallgrímsson, annan höfunda skýrslunnar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda Jóni Gunnari Ottóssyni, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, erindi og óska eftir því að hann skoði athugasemdir nefndarmanna og leggi til við skýrsluhöfunda að tekið verði fullt tillit til þeirra í lokaeintaki skýrslunnar. Ritari mun vinna drög að bréfinu og áframsenda til nefndarmanna.

Kynningarbæklingur um fuglalíf á Breiðafirði

Lagt var fram tilboð frá Náttúrustofu Vesturlands í gerð kynningarbæklings um fuglalíf á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd samþykkti tilboðið og mun bæklingurinn verða unninn með haustinu. Samningur verður lagður fram á næsta fundi. Væntanlega fer bæklingurinn í prentun í byrjun árs 2006.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Rædd var dagskrá og ferðaáætlun vettvangsferðar um norðvesturhluta verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fara í vettvangsferð þriðjudaginn 26. júlí nk. Þá verður farið frá Brjánslæk út á Siglunes. Breiðafjarðarnefnd mun síðan funda í Flókalandi kl. 18:00 og hitta þar bæjarstjórn Vesturbyggðar. Farið verður í siglingu um Hergilseyjarlönd, Sauðeyjar, Oddbjarnarsker og víðar 27. júlí.

Heimsókn umhverfisráðherra í Reykhólahrepp

Kynnt var dagskrá vegna heimsóknar umhverfisráðherra í Reykhólahrepp þann 6. júní nk.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Friðjón, Þórólfur og Eiríkur fari fyrir hönd nefndarinnar og hitti ráðherra og sveitarstjórn Reykhólahrepps.

Örnefnaskráningar framhald umræðu

Eiríkur sagði frá því að sveitarstjórn Reykhólahrepps hafi ákveðið að ráða Óskar Leif Arnarson fornleifafræðinema, til að skrá örnefni inn á loftmyndir af Reykhólahreppi. Breiðafjarðarnefnd hefur fest kaup á loftmyndum af Flatey, Fellsströnd og Skarðsströnd.

Magnús sagði frá því að Páll Hjaltalín hafi boðist til að skrá örnefni inn á loftmyndir af Brokeyjarlöndum.

Afgreiðsla:

Magnús mun skrá örnefni inn á myndina af Flatey en Friðjón, Þórólfur og Sigurður munu taka að sér að afla örnefna og skrá inn á myndirnar af Fellsströnd og Skarðsströnd. Ákveðið var að ritari útvegi loftmyndir af Brokeyjarlöndum. Magnús mun útvega Páli örnefnaskrá frá Örnefnastofnun til að hafa til hliðsjónar.

Önnur mál

Verndaráætlun Breiðafjarðar og Ramsar skráin

Rætt var hvort kanna eigi hvort æskilegt sé að setja Breiðafjörð á Ramsar skrána, en nauðsynlegt sé að skoða kosti þess og galla.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda Árna Bragasyni hjá Umhverfisstofnun erindi og óska eftir því að möguleiki á að setja verndarsvæði Breiðafjarðar á Ramsar skrána

verði kannaður. Þá verði jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvaða skuldbindingar og kvaðir felist í því fyrir svæðið að vera á listanum.

Fundi slitið kl. 14:20.

Næsti fundur verður haldinn í Flókalundi 26. júlí nk. kl. 18:00.

61. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. júlí 2005 í Flókalundi og 27. júlí á Breiðafirði.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 18:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 60. fundar

Nefndarmenn höfðu lesið fundargerð 60. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Siglingar að arnarhreiðri

Lagt var fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Sæferða ehf., dags. 1. júlí 2005 varðandi siglingar að arnarhreiðri. Einnig var lagt fram svarbréf Sæferða, dags. 17. júlí 2005. Nefndarmenn kynntu sér bæði bréfin.

Afgreiðsla: Frekari umræðu var frestað til næsta fundar.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Samkvæmt upplýsingum frá forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands er vinna við skýrsluna í farvegi og útlit og yfirlestur hennar á stofnuninni verður í höndum Álfheiðar Ingadóttur. Hún muni þó vera í sumarfríi út júlí.

Afgreiðsla: Nefndarmenn vænta þess að fá skýrsluna í hendur fyrir næsta fund.

Kynningarbæklingur um fuglalíf á Breiðafirði

Lagður var fram samstarfssamningur milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vesturlands um gerð kynningarbæklings um fuglalíf á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Samningurinn var samþykktur og undirritaður.

Önnur mál

Gerð aðalskipulags fyrir Breiðafjörð

Guðríður sagði frá því að hún hafi haft samband við Auði Sveinsdóttur frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Vegna sameiningar stofnana í Landbúnaðarháskóla Íslands hefur ekki gefist mikill tími til að sinna beiðni Breiðafjarðarnefndar en Auður telur mikinn áhuga vera fyrir því að vinna að og við einstaka verkefni á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Guðríður tók að sér að safna saman gögnum varðandi skipulagsvinnu fyrir svæðið sem nefndarmenn hafa lagt til að skoða þurfi. Leitast verður við að hafa upplýsingar þessar tilbúnar í skýrsluformi fyrir næsta fund nefndarinnar.

Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Róbert stakk upp á því að tillaga Skúla Alexanderssonar og Kristins Jónassonar um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar verði rædd við fulltrúa bæjarstjórnar Vesturbyggðar síðar á fundinum.

Fundi frestað kl. 19:30.

Fundur með umhverfisráðherra og fulltrúum bæjarstjórnar Vesturbyggðar

Kl. 20:00 voru mætt frá Vesturbyggð Guðmundur Sævar Guðjónsson forseti bæjarstjórnar, Kolbrún Pálsdóttir formaður bæjarráðs, Þuríður G. Ingimundardóttir, Sigurður Viggósson, Geir Gestsson og Guðný Sigurðardóttir skrifstofustjóri og starfandi bæjarstjóri.

Breiðafjarðarnefnd fundaði með fulltrúum Vesturbyggðar yfir borðhaldi.

Kl. 21:30 mætti Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra og tók þátt í fundarhöldum. Ýmis málefni er varða Breiðafjörð voru rædd og þar á meðal stækkun verndarsvæðisins.

Fundi frestað kl. 22:30.

27. júlí 2005

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Kl. 09:00 hélt Breiðafjarðarnefnd í vettvangsferð um Breiðafjörð. Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra og eiginmanni hennar, séra Jóni Þorsteinssyni var boðið með í ferðina. Farið var frá Brjánslæk í Sauðeyjar en þar naut ferðafólk leiðsagnar Bjarna S. Hákonarsonar. Frá Sauðeyjum var siglt fyrir Æðarskersboða og í Urðhólma þar sem Hafsteinn Guðmundsson var með leiðsögn. Þaðan var síðan farið í Hergilsey, Oddbjarnarsker og Drápsker, einnig undir leiðsögn Hafsteins. Daginn áður fóru nefndarmenn í rútuferð út á Siglunes og á Rauðasand undir leiðsögn Þrastar Reynissonar.

Fundi var slitið kl. 19:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

62. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. september 2005 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 61. fundar

Friðjón las upp fundargerð 61. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Siglingar að arnarhreiðri

Rædd voru tvö bréf Umhverfisstofnunar og Sæferða frá því í júlí sl. um siglingar að arnarhreiðri og bærust nefndinni til kynningar. Bréfin voru framlögð á 61. fundi, en þá var umræðu frestað. Nokkur umræða skapaðist um málið.

Afgreiðsla: Samþykkt var að senda Umhverfisstofnun bréf (og afrit til Sæferða). Í bréfinu verði lögð rík áhersla á að góð sátt takist í þessu máli. Jafnframt verði vakin athygli á að frístundasiglingum og skipulögðum siglingum um Breiðafjörð á smáum og stórum bátum fer mjög fjölgandi og að nefndin telji að erfitt geti reynst að hafa hemil á tilviljanakenndum siglingum að arnarhreiðrum. Hins vegar mælir nefndin með því að Umhverfisstofnun útbúi leiðbeiningar fyrir sjófarendur á Breiðafirði um með hvaða hætti þeim ber að haga sér á siglingaleiðum í námunda við arnarvörp, aðarvörp og aðrar fuglabýggðir.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Þann 11. ágúst sl. barst ritara erindi í tölvupósti frá Ævari Petersen, öðrum skýrsluhöfunda stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, þar sem hann ítrekar ósk sína um nánari skilgreiningu á því hvaða atriði Breiðafjarðarnefnd finnst að ekki hafi verið tekið tillit til við yfirferð á athugasemdum nefndarinnar fyrir á þessu ári. Formenn nefndarinnar ásamt einum nefndarmanna fóru þann 30. ágúst sl. aftur yfir athugasemdir nefndarinnar og ítrekuðu með bréfi, dagsettu sama dag, þær athugasemdir sem ekki hafði verið tekið tillit til. Þann 3. september sl. barst síðan tölvubréf frá Ævari þar sem hann staðfestir móttöku athugasemdana og segir skil á skýrslunni verða í fyrsta lagi seinast í september.

Afgreiðsla: Nefndarmenn vænta þess að fá skýrsluna í hendur sem fyrst.

Gerð aðalskipulags fyrir Breiðafjörð

Guðríður tók að sér fyrir fundinn að safna saman gögnum varðandi skipulagsvinnu fyrir svæðið sem nefndarmenn hafa lagt til að skoða þurfi.

Magnús sagði frá því að verið sé að vinna aðalskipulag fyrir Vesturbyggð og Dalabyggð, þar sem ekki sé gert ráð fyrir skráningu fornleifa á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Guðríður komst ekki í að safna saman tilgreindum gögnum vegna anna, en mun gera það fyrir næsta fund.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Friðjón skýrði frá samtali sínu við Sverri Jakobsson og las upp samantekt frá honum, sem dagsett var 8. ágúst 2005. Í samantektinni segir hann frá þeirri vinnu sem hann hefur lokið nú í sumar og hvernig hann hyggst byggja verkið upp. Jafnframt óskar

hann eftir því að fá seinni hluta greiðslunnar fyrir verkefnið greiddan út. Nefndarmönnum líst vel á framgang mála.

Afgreiðsla: Ákveðið var að greiða Sverri seinni hluta greiðslunnar eftir að formaður hefur rætt við hann um útfærslu skila á áfangaskýrslu.

Ásgeir Gunnar yfirla fundinn kl. 12:05.

Nordisk kystkulturseminar í Hordaland

Guðríður sagði frá ofangreindri ráðstefnu sem hún sótti og flutti fyrirlestur á. Ráðstefnan var haldin í Bergen dagana 7. -9. september sl. Fyrirlestur hennar fjallaði m.a. um verndarsvæði Breiðafjarðar.

Önnur mál

Breiðafjörður og Ramsar skráin

Friðjón greindi frá því að ekki hafi borist svarbréf við erindi nefndarinnar frá 6. júní sl. til Árna Bragasonar hjá Umhverfisstofnun. Í erindi var óskað eftir því að sá möguleiki að verndarsvæði Breiðafjarðar verði sett á Ramsar skrána verði skoðaður.

Afgreiðsla: Guðríður mun ræða málið við Árna Bragason.

Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Ekki hefur borist svarbréf við erindi nefndarinnar til umhverfissráðuneytisins, dags. 21. desember 2004. Hugmyndir Skúla Alexanderssonar og Kristins Jónassonar bæjarstjóra Snæfellsbæjar, þess efnis að mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar verði dregin frá Öndverðarnesi í suðri að Bjargtöngum í norðri, voru kynntar fyrir bæjarstjórn Vesturbyggðar á fundi 27. júlí sl.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda umhverfissráðuneytinu erindi og mæla með því að ytri mörkum verndarsvæðis Breiðafjarðar verði breytt, sbr. tillögu Skúla og Kristins.

Afgreiðsla UST á umsókn um bygginu á neyðarskýli í Garpsdalsey

Umhverfisstofnun hafnaði, með bréfi dags. 16. febrúar 2005, umsókn um byggingu neyðarskýlis í Garpsdalsey, en Breiðafjarðarnefnd samþykkti bygginguna með skilyrðum í afgreiðslu sinni. Niðurstaða Umhverfisstofnunar var rædd.

Fundi var slitið kl. 12:50.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

63. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 11. nóvember 2005 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Kynning á hitaveituvæðingu Grundarfjarðar

Kl. 11:00 voru mætt Jakob S. Friðriksson og Anna Nielsen frá Orkuveitu Reykjavíkur, en þau höfðu óskað eftir að fá að kynna framkvæmdir vegna hitaveituvæðingar Grundarfjarðar fyrir nefndarmönnum.

Verkefnið er tilkynningarskylt til Skipulagsstofnunar og óskuðu þau eftir umræðu og áherslum nefndarmanna.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með kynninguna og ræddu væntanlegar framkvæmdir við þau Jakob og Önnu.

Jakob og Anna viku af fundi kl. 11:30.

Fundargerð 62. fundar

Friðjón las upp fundargerð 62. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Byggingaframkvæmdir í Breiðafjarðareyjum

Lagt var fram erindi frá Einari Erni Thorlacius, sveitarstjóra Reykhólahrepps, dags. 19. september sl. Í erindinu er sagt frá því að nýlega hafi verið stöðvaðar óheimilar byggingaframkvæmdir í Sviðnum á Breiðafirði, sem frést hafi af fyrir tilviljun. Þá er óskað eftir góðu samstarfi við Breiðafjarðarnefnd og jafnframt óskað eftir ábendingum um öll þau atriði sem nefndarmenn kunna að verða varir við á ferðum sínum um Breiðafjörð og þörf þykir á að athuga frekar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd tekur erindið til greina og mun áfram leggja sig fram um að vera í góðu samstarfi við þau sveitarfélög sem eiga land að verndarsvæðinu.

Lögsaga skv. lögum um vernd Breiðafjarðar

Lagt var fram afrit af bréfi bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar, dags. 26. september sl., sem sent var til umhverfisráðherra. Í bréfinu er komið á framfæri þeirri ósk að ef um breytingu á lögum um vernd Breiðafjarðar verður að ræða og að verndarsvæðið verði t.d. stækkað, verði tryggt að þéttbýliskjarnar standi utan verndarsvæðisins og lögsögu Breiðafjarðarnefndar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir ekki sérstakar athugasemdir við bréf Grundarfjarðarbæjar.

Kræklingarækt við Skoreyjar, Melrakkaey, Andey og Vatnsey

Lagt var fram erindi Umhverfisstofnunar, dags. 26. október 2005, þar sem óskað er eftir áliti Breiðafjarðarnefndar á umsókn Péturs Hjálmtýssonar um leyfi til að stunda kræklingaeldi við Skoreyjar, Melrakkaey, Andey og Vatnsey. Erindið var rætt.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd leggst ekki gegn fyrirhuguðu kræklingaeldi en ítrekar að gengið verði vel um lagnir þar sem þær eru teknar á land svo ekki hljóttist lýti af og að ef hætt verði starfsemi verið öll ummerki fjarlægð.

Mat á umhverfisáhrifum, Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 4. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Óskað er eftir að umsögn berist frá nefndinni fyrir 30. nóvember nk.

Málið er stórt og mikið í vöfum og barst nefndarmönnum ekki í hendur fyrr en í gær. Lagt var til að óskað yrði eftir fresti til umsagnar svo nefndarmönnum gefist tími til að skoða málið.

Afgreiðsla: Afgreiðslu málsins var frestað til næsta fundar. Ákveðið var í ljósi umfangs málsins og knapps tíma til undirbúnings að óska eftir fresti til umsagnar fram undir miðjan desember.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Lagður var fram endanlegur texti stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði sem unnin var skv. samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Aðeins á eftir að setja myndir í skýrsluna. Nefndarmenn hafa komið auga á einhverjar villur í skýrslunni sem þeir vilja sjá lagfærðar.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu skoða skýrsluna nánar og senda athugasemdir sínar til ritara fyrir föstudaginn 18. nóvember nk.

Gerð aðalskipulags fyrir Breiðafjörð

Guðríður lagði fram og kynnti tillögu að drögum að efnisyfirliti aðalskipulags fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að nefndarmenn safni saman þeim upplýsingum sem fram eiga að koma í aðalskipulaginu og þeir hafa aðgang að.

Örnefnaskráningar

Farið var yfir stöðu mála varðandi örnefnaskráningar. Friðjón las yfir samantekt frá Jónínu Hafsteinsdóttur um stöðu verkefnisins á þeim stöðum sem hún skráir. Hún hefur rætt við heimildarmenn frá öllum jörðum í Múlasveit að einni undanskilinni og fært inn á myndirnar, en þá skráningu álitur hún sem algjört uppkast sem ekki verði fullunnið fyrr en stærri og betri myndir fást.

Afgreiðsla: Ákveðið var að athuga hjá Loftmyndum hvort þær myndir sem Jónína vinnur með séu til uppréttar núna.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 mun Breiðafjarðarnefnd fá úthlutað 7,4 milljónum króna til reksturs og verkefna. Farið var fyrir stöðu fjármála á yfirstandandi ári.

Afgreiðsla: Ákveðið var að athuga hvað prentun á fuglalífsbæklingi kostar og hvað uppréttar loftmyndir af þeim svæðum sem best hafa við, ef einhver eru, kosta. Þá er stefnt að því að ráða starfsmann á næsta ári til vinnu við örnefnaskráningar.

Tilnefning verndarsvæðis Breiðafjarðar á Ramsar-skrána

Lagt var fram svarbréf frá Árna Bragasyni hjá Umhverfisstofnun við erindi nefndarinnar frá 6. júní sl. um mögulega Ramsar tilnefningu og hvaða skuldbindingar og kvaðir felist í skráningu verndarsvæðisins. Í svarbréfinu kemur fram að hann áltí ekki að þörf sé á að settar verði nýjar reglur eða ákvæði um friðun umfram það sem þegar er samkvæmt lögunum.

Afgreiðsla: Ákveðið var að kanna hver næsti liður í ferlinu er. Guðríður mun kanna málið.

Önnur mál

Fundi var slitið kl. 14:20.

Næsti fundur verður haldinn 12. desember nk. ef frestur fæst frá Skipulagsstofnun til að skila umsögn um skýrslu Vegagerðarinnar um mat á umhverfisáhrifum, annars 28. þ.m.

64. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. desember 2005 í Umhverfisstofnun, Reykjavík

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Skráning örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar

Kl. 11:00 var mætt dr. Guðrún Gísladóttir dósent við jarð- og landfræðiskor, Raunvísindadeildar Háskóla Íslands, en Breiðafjarðarnefnd leitaði til Háskólans, með erindi dagsettu 19. nóvember 2005, til að kanna möguleika á því að landfræðinemi tæki að sér verkefni við skráningu örnefna á Breiðafirði og túlkun þeirra.

Guðrún sagði mikinn áhuga fyrir verkefninu og sagðist jafnframt hafa ákveðna manneskju í huga sem hún telur að væri kjörin í verkefnið. Sú manneskja er lærd kortagerðarmanneskja og hefur einnig unnið við landmælingar. Nú sé hún í námi í landfræði og gæti vel hugsað sér að taka að sér verkefni á þessu sviði og skila BS ritgerð í kjölfarið. Hugmyndin er að byrja á örnefnaskráningum á sjó á Breiðafirði, en næsta sumar yrði notað til að safna örnefnum og staðsetja þau. Þegar því væri lokið þarf að skrá örnefnin í gagnagrunn og útbúa kort.

Guðrún fór nánar yfir það hvernig hugsanlegt væri að útfæra verkefnið.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd telur það einstakt tækifæri ef hægt er að vinna verkefnið á þennan hátt og mun ræða á næsta fundi hvernig nefndin gæti komið að því fjárhagslega.

Matarhlé.

Guðrún vék af fundi kl. 13:00.

Fundargerð 63. fundar

Friðjón las upp fundargerð 63. fundar. Þá var rædd óformleg athugasemd sveitarstjóra Reykhólahrepps við það hve langur tími líður frá fundum nefndarinnar þar til fundargerðir eru samþykktar og birtar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt. Ákveðið var að samþykktir fundargerða verði með sama hætti og verið hefur.

Bæklingur um fuglalíf á Breiðafirði og verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2005-2015

Róbert lagði fram drög að texta í kynningarbækling um fuglalíf á Breiðafirði. Einnig voru lögð fram drög að samstarfssamningi um endurgerð verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu fara yfir texta fuglalífsbæklingsins og senda Róberti athugasemdir sínar ef einhverjar eru.

Samstarfssamningur um gerð verndaráætlunar var undirritaður. Ákveðið var að Náttúrustofan afhendi verndaráætlunina á tölvutæku formi og í 20 prentuðum eintökum.

Kræklingaeldi á Breiðafirði

Afgreiðsla Umhverfisstofnunar, dags. 16. nóvember 2005, á umsókn Péturs Hjálmtýssonar um leyfi til að stunda kræklingarækt við Skoreyjar, Melrakkaey, Andey og Vatnsey var kynnt. Umhverfisstofnun heimilar framangreint kræklingaeldi fyrir sitt leyti.

Afgreiðsla: Ekki voru gerðar athugasemdir við afgreiðslu Umhverfisstofnunar, en hún er í samræmi við afgreiðslu Breiðafjarðarnefndar.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Lagt var fram lokaeyntak stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði sem unnin var skv. samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Afgreiðsla: Nefndarmenn fagna því að skýrslan sé fullunnin. Ákveðið var að senda sveitarfélögunum átta við Breiðafjörð eintak af skýrslunni.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Lögð var fram lokaskýrsla Sverris Jakobssonar fyrir árið 2005 vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Nefndarmenn eru ánægðir með þann kafla sem kominn er. Ákveðið var að veita Sverri frekari styrk til vinnu við verkefnið á árinu 2006. Friðjón mun leggja nýjan samning fyrir Sverri og undirrita fyrir hönd nefndarinnar.

Mat á umhverfisáhrifum: Vestfjarðavegur nr. 60 – Bjarkalundur - Eyri, Reykhólahreppi

Rædd voru erindi Skipulagsstofnunar, dags. 4. nóvember 2005 og Umhverfisstofnunar, dags. 16. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna ofangreindra framkvæmda. Matskýrslan var rædd og komu fram ýmsar athugasemdir af hálfu nefndarmanna. Róbert og Guðríður lögðu fram tillögu að afgreiðslu málsins. Aðrir nefndarmenn gátu ekki sætt sig við tillögu þeirra. Guðríður situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðaréttar nema í fjarveru formanns og getur því ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins. Guðríður benti á að ef um tvö álit verður að ræða frá nefndinni þá skuli senda þau saman svo ekki verði um villst að um tvö álit sé að ræða.

Afgreiðsla: Þórólfur tók niður athugasemdir nefndarmanna og var falið að setja upp drög að svarbréfi og senda nefndarmönnum til umfjöllunar. Erindindunum á að svara í síðasta lagi 15. desember nk.

Magnús vék af fundi kl. 16:30.

Fundi var slitið kl. 17:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2005

Innsend erindi 2005

1. ***Fornleifafræðistofan***, dags. 10. janúar 2005.
Efni: Vegna fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar
2. ***Fornleifastofnun Íslands***, dags. 18. janúar 2005.
Efni: Skráning fornminja á verndarsvæði Breiðafjarðar
3. ***Reykholahreppur***, dags. 18. janúar 2005.
Afrít af bréfi til Umhverfissráðuneytisins.
Efni: Boð um heimsókn í Reykholahrepp
4. ***Straumey ehf.***, dags. 15. febrúar 2005.
Efni: Óskað eftir upplýsingum um hug Breiðafjarðarnefndar til fyrirhugaðrar sjávarfallavirkjunar í landi Straums við mynni Hvammsfjarðar í Breiðafirði.
5. ***Náttúrustofa Vestfjarða***, dags. 21. febrúar 2005.
Efni: Gróf kostnaðaráætlun vegna fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar.
6. ***Straumey ehf.***, dags. 11. mars 2005.
Efni: Svör við spurningum nefndarmanna varðandi fyrirhugaða sjávarfallavirkjun.
7. ***Guðrún Jónsdóttir, ark. Faí. Teiknistofa***, dags. 17. mars 2005.
Efni: Samstarf/samráð um skipulagsmál.
8. ***Umhverfissráðuneytið***, dags. 19. apríl 2005
Afrít af erindi til Fjársýslu ríkisins. Efni: Þóknun fyrir nefndarsetu í Breiðafjarðarnefnd.
9. ***Umhverfisstofnun***, dags. 1. júlí 2005.
Afrít af erindi til Sæferða ehf. Efni: Siglingar að arnarhreiðri.
10. ***Sæferðir***, dags. 17. júlí 2005.
Afrít af erindi til Umhverfisstofnunar. Efni: Siglingar að arnarhreiðri.
11. ***Ævar Petersen***, dags. 11. ágúst 2005.
Tölvupóstur. Efni: Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði.
12. ***Reykholahreppur***, dags. 19. september 2005.
Efni: Byggingaframkvæmdir í Breiðafjarðareyjum.

13. **Grundarfjarðarbær**, dags. 26. september 2005.
Efni: Um lögsögu skv. lögum um vernd Breiðafjarðar.
14. **Umhverfisstofnun**, dags. 26. október 2005.
Efni: Kræklingaeldi í Breiðafirði við Skoreyjar, Melrakkaey, Andey og Vatnsey.
15. **Skipulagsstofnun**, dags. 4. nóvember 2005.
Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri, Reykhólahreppi.
16. **Umhverfisstofnun**, dags. 16. nóvember 2005.
Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri, Reykhólahreppi.
17. **Umhverfisstofnun**, dags. 16. nóvember 2005.
Afrit af bréfi til Péturs Hjálmtýssonar. Efni: Kræklingaeldi í Breiðafirði.
18. **Umhverfisstofnun**, dags. 21. júní 2005, barst í nóvember 2005.
Efni: Tilnefning verndarsvæðis Breiðafjarðar á Ramsar-skrá.
19. **Skipulagsstofnun**, dags. 12. desember 2005.
Efni: Hitaveita í Grundarfirði – Tilkynning um matsskyldu.
20. **Stykkishólmsbær**, dags. 28. desember 2005.
Efni: Varnir gegn mengun hafs og stranda.

Útsend erindi 2005

1. ***Umhverfiráðuneytið***, dags. 26. janúar 2005.
Efni: Ósk um þóknun fyrir nefndarmenn vegna nefndarsetu ársins 2004.
2. ***Náttúrustofa Vestfjarða***, dags. 27. janúar 2005.
Efni: Áætlaður kostnaður við fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar.
3. ***Reykhólahreppur***, dags. 30. janúar 2005.
Efni: Örnefnaskráningar við Breiðafjörð.
4. ***Straumey ehf.***, dags. 23. febrúar 2005.
Efni: Ósk um nánari upplýsingar um sjávarfallavirkjun.
5. ***Vesturbyggð***, dags. 28. febrúar 2005.
Efni: Tillaga að stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar.
6. ***Straumey ehf.***, dags. 11. apríl 2005.
Efni: Sjávarfallavirkjun í landi Straums á Skógarströnd.
7. ***Umhverfisstofnun***, dags. 6. júní 2005.
Efni: Verndarsvæði Breiðafjarðar og Ramsar skráin
8. ***Náttúrufræðistofnun Íslands***, dags. 30. ágúst 2005.
Efni: Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði
9. ***Umhverfisstofnun***, dags. 15. september 2005.
Efni: Siglingar að arnarhreiðri.
10. ***Umhverfiráðuneytið***, dags. 15. september 2005.
Efni: Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar.
11. ***Umhverfisstofnun***, dags. 16. nóvember 2005.
Efni: Kræklingaeldi í Breiðafirði við Skoreyjar, Melrakkaey, Andey og Vatnsey.
12. ***Háskóli Íslands***, dags. 19. nóvember 2005.
Efni: Skráning örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar.
13. ***Skipulagsstofnun***, dags. 15. desember 2005.
Efni: Meirihlutaumsögn og minnihlutaumsögn Breiðafjarðarnefndar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Vestfjarðavegur nr. 60: Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi.
14. ***Umhverfisstofnun***, dags. 15. desember 2005.
Efni: Meirihlutaumsögn og minnihlutaumsögn Breiðafjarðarnefndar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Vestfjarðavegur nr. 60: Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi.
15. ***Sveitarfélögin átta við Breiðafjörð***, dags. 20. desember 2005.

Efni: Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði.

16. *Háskóli Íslands, dr. Guðrún Gísladóttir*, dags. 21. desember 2005.
Efni: Skráning örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar.